



Fjallaskilanevnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð.

36. fundur fjallaskilanevndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 25. janúar 2023 kl. 16.⁰⁰.

Fundinn sátu:

Bergur Guðmundsson sat fundinn í gegnum fjarfundabúnað

Brúney Bjarklind Kjartansdóttir

Guðrún Sigríður Sigurðardóttir

Haraldur Páll Þórsson

Rúna Jónsdóttir

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Iða Marsibil Jónsdóttir

1. Tillaga nefndarinnar til sveitarstjórnar um formann fjallaskilanevndar.

Fjallaskilanevnd samþykkir samhljóða að leggja til við sveitarstjórn að Guðrún Sigríður Sigurðardóttir gegni stöðu formann.

Rúna Jónsdóttir var kosinn ritari nefndarinnar. Rætt var um í þessu samhengi að þessir tveir aðilar, formaður og ritari, kæmu úr sitthvoru svæðinu í hreppnum, Guðrún kemur úr Grímsneshlutanum en Rúna úr Grafningshlutanum.

2. Önnur mál.

Rætt var um verkefnin framundan, meðal annars Höfuðborgargirðingu og að brýnt sé að girðingar í sveitarfélaginu séu í góðu horfi. Jafnframt var rætt um mikilvægi þess að Þjóðgarðsgirðing sé fjárheld, en upp á það vantar töluvert í dag. Hlutverk formanns rætt og hverjar skyldur viðkomandi eru.

Ekki fleira tekið fyrir og fundið slitið kl. 17:00